

NÝSKÖPUNARVIRKNI FATLAÐRA EINSTAKLINGA

Tillögur að samstarfsverkefni



SFH

Efnisyfirlit

Inngangur.....	3
Aðferðafræði við mótun tillagna.....	4
Tillögur að samstarfsverkefni: „Nýsköpunarvirgni fatlaðra einstaklinga“	5
1. Miðlun upplýsinga um þátttöku í nýsköpunarverkefnum.....	5
2. Stuðningur á vinnustað fyrir fatlað fólk og frumkvöðla sem hafa fatlað fólk í vinnu	7
3. Fræðsla og ráðgjöf fyrir tækifæri innan nýsköpunar	8
4. Mat á stöðu og árangri	10
Mikilvægir þættir fyrir framgang verkefnisins.....	11
Skerðingar á örorkubótum	11
Styrkir í tengslum við atvinnuþátttöku fatlaðs fólks.....	12
Rannís.....	12
Starfsemi SFH og KVENN innan stuðningsumhverfis nýsköpunar.....	13
Samantekt.....	13

Inngangur

Eftir könnun á möguleikum fyrir þátttöku fatlaðs fólks í nýsköpun (skýrsla gefin út í febrúar 2021) var ákveðið að halda stefnumótandi vinnu áfram. Í þeim tilgangi var mótað samstarfsverkefni sem snýr að tækifærum fatlaðs fólks innan nýsköpunar. Tillögur voru unnar út frá þekkingu og reynslu aðila sem koma að málinu og tóku þátt í vinnustofum í mars 2021, um raunhæfar og áhrifaríkar aðgerðir, sem og mögulegar hindranir.

Neðangreindar tillögur móta heildstætt samstarfsverkefni undir heitinu „Nýsköpunarvirgni fatlaðra einstaklinga“. Markmið þess er að stuðla að tækifærum í nýsköpun fyrir markhópin, sem samanstendur af fötluðum einstaklingum á almennum vinnumarkaði, á aðgreindum vinnustöðum, utan vinnumarkaðar eða í námi. Nánar tiltekið hefur verkefnið það að markmiði annarsvegar að stuðla að þátttöku fatlaðs fólks í verkefnum frumkvöðla, og hinsvegar að hvetja og aðstoða fatlað fólk til að þróa sín eigin nýsköpunarverkefni. Ávinningur verkefnisins felst meðal annars í því að fatlaðir einstaklingar fá aukin tækifæri til að vinna í samræmi við hæfni og áhuga, og gegnum verkefnið býðst frumkvöðlum aðgangur að fjölbreyttum hugmyndum og mikilvægt vinnuframlag til verkefna sinna. Tillögurnar byggja á tækifærum sem fyrir hendi eru, þekkingu og tengslanetum samtaka á sviði nýsköpunar og fötlunar. Með því móti er kostnaðurinn við framkvæmd þeirra lágmarkaður. Það er þó skilyrði að yfirvöld tryggi grundvöll fyrir starf SFH og KVENN þar sem tengslanet félaganna er lykilatriði í tillögunum sem eftir koma.

Í framkvæmdaráætlun í málefnum fatlaðs fólks frá árunum 2012- 2014 (Stjórnarráð Íslands, 2016:22) var gert ráð fyrir verkefni og fjárveitingu til að efla aðgengi fatlaðra einstaklinga að nýsköpunar og frumkvöðlastarfi. Í árangursmati verkefnisins benti Vinnumálastofnun á skort á samstarfi milli ríkisins, sveitafélaga, og viðkomandi félagssamtaka og að slíkt samstarf sé mikilvæg forsenda til að auka nýsköpun í atvinnumálum fatlaðs fólks (Stjórnarráð Íslands, 2016:23). Þær tillögur að samstarfsverkefni sem hér er lýst byggja á slíku samstarfi, en þeir aðilar sem hafa komið að þróun tillagnanna eru samtök á sviði nýsköpunar; (SFH - Samtök frumkvöðla og hugvitsmanna, KVENN - Félag kvenna í nýsköpun) og samtök á sviði fötlunar (ÖBÍ, Proskahjálp, Átak), sem og úrræði á vinnumarkaði (aðgreindir vinnustaðir, Atvinna með stuðningi).


Samstarfsverkefnið „Nýsköpunarvirgni fatlaðra einstaklinga“ er raunhæfur kostur til að styðja við aukna atvinnuþátttöku fatlaðra einstaklinga og er því mælt með að það verði fjármagnað sem hluti af nýrri framkvæmdaráætlun í málefnum fatlaðs fólks 2021.

Neðangreindar tillögur gera ráð fyrir aðkomu samtaka á sviði nýsköpunar- og fötlunar, aðila sem vinna að atvinnumálum fatlaðs fólks og þeirra sem bera ábyrgð á úrræðum utan og innan vinnumarkaðarins. Í hverri tillögu eru skilgreindir ábyrgðaraðilar og samstarfsaðilar sem saman mynda kjarna verkefnisins. Verði tillögurnar framkvæmdar verður til viðbótar kannað mögulegt samstarf við aðra aðila svo sem sveitarfélög sem reka ákveðin verkefni í tengslum við atvinnuþátttöku og virkni fatlaðs fólks. Mikilvægt er að benda á að verkefnið er ekki háð samstarfi við aðra en skilgreinda samstarfsaðila en mögulega væri ávinningur í því að fjölga samstarfsaðilum. Við hverja tillögu er áætlaður kostnaður sem háður er frekari útfærslu í samráði við yfirvöld.

Aðferðafræði við mótun tillagna

Fulltrúum frá samtökum fatlaðs fólks, aðgreindum vinnustöðum, vinnumarkaðsúrræðum fyrir fatlað fólk, fötluðu fólki, ásamt fötluðum og ófötluðum nýsköpunaraðilum, var boðið að taka þátt í vinnustofum í mars 2021 til að móta leiðir svo hægt væri að greina og nýta tækifæri innan nýsköpunar fyrir fatlaða einstaklinga.

Alls voru þrjár vinnustofur haldnar með tveimur áherslum; í fyrstu tveimur vinnustofunum var lögð áhersla á vinnu fatlaðs fólks í nýsköpunarverkefnum annarra og í þriðju vinnustofunni var áherslan á fatlaða frumkvöðla sem vilja hefja sína eigin nýsköpun. Samtals voru tuttugu og átta þátttakendur í vinnustofunum og voru þeir frá ólíkum samtökum fatlaðs fólks, vinnumarkaðsúrræðum, fatlaðir einstaklingar ásamt fötluðum og ófötluðum frumkvöðlum. Við undirbúning vinnustofanna var send út könnun til þess að móta ítarlegri spurningar og hugmyndir til þess að vinna úr í fyrirnefndum vinnustofum. Vinnustofurnar stóðu yfir að meðaltali í eina klukkustund og þrjátíu mínútur.



Kjarninn í tillögunum og þættir sem hafa veruleg áhrif á framkvæmd þeirra.

Tillögur að samstarfsverkefni: „Nýsköpunarvirgni fatlaðra einstaklinga“

Í þessum kafla verður samstarfsverkefnið kynnt út frá fjórum tillögum. Hér í upphafi er vikið að markmiði tillagnanna og í kjölfarið að ábyrgðaraðilum, samstarfsaðilum, framkvæmd og áætluðum kostnaði.

1. Miðlun upplýsinga um þátttöku í nýsköpunarverkefnum

Til að tengja fatlaða einstaklinga og tækifæri í nýsköpunarverkefnum verður unnið með kerfisbundnum hætti að miðlun upplýsinga.

Markmið:

Markmið með þessari tillögu er að auka aðgengi fatlaðs fólks að upplýsingum um störf og verkefni sem kunna að vera í boði innan nýsköpunar. Einnig að frumkvöðlar fái aðgengi að fötluðu starfsfólki sem hefur getu og vilja til að vinna að nýsköpunarverkefnum.

Ábyrgðaraðilar: SFH og KVENN.

Hlutverk þeirra er að annast utanumhald og kynningu miðlunarkerfisins.

Samstarfsaðilar: Vinnumálastofnun og aðgreindir vinnustaðir.

Framkvæmd:

Þessi tillaga felur í sér vettvang upplýsingamiðlunar sem færi fram á netinu. Hannað verður kerfi á netinu, þar sem annarsvegar eru skráð einstök tækifæri fatlaðs fólks til vinnu hjá nýsköpunaraðilum, en hinsvegar óskir fatlaðra einstaklinga um vinnu, með upplýsingum t.d. um áhugasvið og fleira. Aðgangur að kerfinu er opinn nýsköpunaraðilum og fötluðum einstaklingum. Leitað verður álit Persónuvendar við uppsetningu kerfisins.

Frumkvöðlar: Þeir frumkvöðlar sem leita að starfsfólki setja upplýsingar inn í miðlunina varðandi nýsköpunarverkefni sín og þau störf sem þeir gætu boðið upp á fyrir fatlaða einstaklinga. Frumkvöðullinn setur inn ítarlegar upplýsingar um til dæmis þörf á vinnuafli, um starfshlutfall, umfang og eðli verkefnis, verkþætti innan verkefnisins, hæfniskröfur, ráðningartíma og staðsetningu.

Fatlaðir einstaklingar: Til að lýsa áhuga á þátttöku í nýsköpunarverkefnum getur fatlaður einstaklingur skráð í kerfið lýsingu á hæfni, áhugasviði, reynslu, óskum um starfshlutfall og ráðningartíma, ásamt staðsetningu vinnustaðar sem hentar honum.

Aðgengi miðlunarkerfisins:

Gert er ráð fyrir að vefkerfið verði hannað með tilliti til aðgengiskrafna og að einstaklingar geti sett inn efni með ýmsu móti. Til dæmis geta frumkvöðlar sett inn myndbönd til að kynna verkefni sín og fatlaðir einstaklingar sem eru að leita að tækifærum geta kynnt sig með myndbandi. Þessi möguleiki auðveldar aðgengi og endurspeglar fjölbreytni í netsamskiptum fólks á vinnumarkaði.

Kynning miðlunarkerfisins:

Til að tryggja áhrif miðlunarinnar þurfa einstaklingar og fagaðilar á vinnumarkaði að vera upplýstir um hana. Því verður gerð áætlun um kynningu og auglýsingu miðlunarinnar. Þetta felur bæði í sér beina kynningu fyrir fatlaða einstaklinga og nýsköpunaraðila, sem og óbeina kynningu fyrir fagaðila sem veita fötluðu fólki stuðning á vinnumarkaði. Fagaðilar hjá aðgreindum vinnustöðum og Vinnumálastofnun munu þannig geta haft milligöngu um kynningu og nýtingu tækifæra í nýsköpunarverkefnum en þó er ekki útilokað að fatlaðir einstaklingar utan þessara úrræða nýti sér miðlunina og eigi í beinum samskiptum við nýsköpunarverkefnin. Æskilegt er þó að slíkt sé með vitund ábyrgðaraðila vegna utanumhalds og til að tryggja að úrræðin nýtist fyrst og fremst fötluðum einstaklingum. Einnig verður unnið með fagaðilum á sviði fötlunar til að framkvæma áhugasviðskannanir meðal þeirra sem þiggja þjónustu frá þeim.

Gert er ráð fyrir að í sumum tilfellum verði tækifærum miðlað án viðkomu á netinu, t.d. ef starfsmaður og vinnuveitandi ná fljótt saman um starf í gegnum tengslanet samstarfsaðila verkefnisins.

Ætla má að umfang kynningar verði mest í byrjun, meðan verið er að kynna þetta nýja úrræði. Umfangið minnkar þegar aðilar eru orðnir meðvitaðri um tilvist þess.

Fjármögnun:

Ýmiss kostnaður fellur til við framkvæmd þessarar tillögu:

1. Kostnaður við stofnun og rekstur gagnabanka þ.m.t. kostnaður við að tryggja aðgengileika upplýsinga í gagnabankanum fyrir fatlað fólk
2. Kostnaður við utanumhald gagna í gagnabankanum
3. Kostnaður við kynningu miðlunarkerfisins meðal fatlaðs fólks, nýsköpunaraðila og fagaðila á vinnumarkaði.

Samtals er áætlað að hér sé um að ræða 3m. kr. stofnkostnað og um 3m. kr. árlegan rekstrarkostnað, eða samtals 6 milljónir króna.

Innifalið í þessum rekstrarkostnaði er vinna vegna tölulíðar 2 hér á eftir.

2. Stuðningur á vinnustað fyrir fatlað fólk og frumkvöðla sem hafa fatlað fólk í vinnu

Þessi tillaga snýr að stuðningi fyrir bæði fatlað fólk og frumkvöðla á vinnustaðnum. Gert er ráð fyrir að stuðningur verði bæði í samræmi við þarfir einstaklinga og vinnustaða, og að hann taki mið af ólíkum skerðingum og aðstæðum fatlaðra einstaklinga sem vilja nýta sér tækifæri innan nýsköpunar.

Markmið:

Styðja við fatlaða einstaklinga og frumkvöðla á vinnustaðnum með því að veita ráðgjöf t.d. um aðlaganir og samskipti.

Ábyrgðaraðilar: Vinnuálastofnun og aðgreindir vinnustaðir.

Samstarfsaðilar: SFH og KVENN; hlutverk samtakanna er að vísa fötluðum einstaklingum og frumkvöðlum áfram til stuðningsúrræða á vinnumarkaði. Jafnvel önnur úrræði sem veita stuðning á vinnumarkaði s.s. aðstoðarmenn og sérfræðingar frá Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blindra, sjónskerta og einstaklinga með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu.

Framkvæmd:

Fyrirhugað er samstarf ofangreindra ábyrgðaraðila og samstarfsaðila til að tryggja að frumkvöðlar og fatlaðir einstaklingar fái þann stuðning sem þarf til að þátttaka fatlaðs fólks verði árangursrík. Gert er ráð fyrir að stuðningur VMST, aðgreindra vinnustaða og annarra stuðningsúrræða á vinnumarkaði verði ávallt hluti af því ferli sem tekur við þegar fatlaður einstaklingur sýnir ákveðnu tækifæri áhuga. Mikilvægt er að taka fram að fulltrúar frá aðgreindum vinnustöðum sem tóku þátt í vinnustofunum lýstu sig reiðubúna til að fylgja sínum skjólstaðingum í vinnu í nýsköpunarverkefnum og verður unnið að því af ábyrgðaraðilum að fjölga þeim vinnustöðum sem vilja veita slíkan stuðning.

Í þeim tilfellum sem fatlaðir einstaklingar hafa beint samband við frumkvöðla í tengslum við tækifæri sem er auglýst í miðluninni og án aðkomu fagfólks þessara vinnumarkaðsúrræða er gert ráð fyrir að viðkomandi einstaklingur og/eða viðkomandi nýsköpunaraðili eigi frumkvæði að því að biðja um stuðning frá Vinnuálastofnun.

Hér er gert ráð fyrir að stuðningurinn sé ótímabundinn, til að koma til móts við ólíkar þarfir sem tengjast skerðingum einstaklinga sem og vinnuumhverfinu. Þetta er sérstaklega mikilvægt fyrir ákveðna hóp fatlaðs fólks svo sem fólk með þroskahamlanir, einhverfu eða geðrænar áskoranir.

Stuðningur fyrir frumkvöðla: Til að styðja við frumkvöðla væri gagnlegt að fá ráðgjöf og/eða samvinnu við aðila sem hefur þekkingu á hinum ýmsum fötlunum og getur leiðbeint frumkvöðlum um hvað þarf að aðlaga á vinnustaðnum og aðstoð með starfslýsingar. Þetta ferli býður upp á að vera sveigjanlegt fyrir alla aðila. Stuðningurinn getur verið eftir þörfum og viðvarandi. Stuðningurinn felst í samtali í gegnum símtal, tölvupóst eða heimsókn á staðinn.

Stuðningur fyrir fatlaða einstaklinga: Fatlaðir einstaklingar þurfa oft stuðning meðan verkefni standa og einstaklingar þurfa ólíkan stuðning, hvort sem það snýst um að aðstoða við samskipti eða verkefnið sjálf. Fulltrúar þeirra aðgreindra vinnustaða sem tóku þátt í mótun tillagna lýstu því yfir að þeir eru tilbúnir að fylgja sínum skjólstaðingum og styðja þá á vinnumarkaði. Stuðningurinn færi fram í formi heimsókna.

Fjármögnun:

Stuðningur við fatlaða einstaklinga sem vilja nýta sér tækifæri innan nýsköpunarverkefna getur talist hluti af starfsemi Vinnumálastofnunar, aðgreindra vinnustaða og annarra vinnumarkaðsúrræði sem fatlað fólk hefur rétt á. Því er ekki útlit fyrir að það þyrfti eignarmerkt fjármagn en mikilvægt er að yfirvöld veiti þessum aðilum skýrt umboð til að taka þátt í verkefninu, hvetji þá og tryggi fjármögnun starfsemi þeirra. Hlutverk SFH og KVENN í þessum efnum fellur að ráðgjafastarfi félaganna samkvæmt 1. tölulið og vísast til þess liðar um kostnaðaráætlun.

3. Fræðsla og ráðgjöf fyrir tækifæri innan nýsköpunar

Gert er ráð fyrir fræðslu og ráðgjöf. Annarsvegar til að sporna við fordómum og þekkingarleysi og upplýsa um hina ýmsu þætti sem varða vinnu með fötluðum einstaklingum. Hinsvegar fræðsla og ráðgjöf um þætti sem lúta að nýsköpun, s.s. varðandi styrki; einkaleyfamál; markaðssetningu o.fl. Einnig kynning á starfandi frumkvöðlum og verkefnum þeirra.

Markmið:

Markmið tillögunnar er að fræða frumkvöðla um margbreytileika fatlaðs fólks og kynna nýsköpunarferlið fyrir fötluðu fólki sem vill starfa við nýsköpun eða hefja sín eigin nýsköpunarverkefni.

Ábyrgðaraðilar: SFH og KVENN

Hlutverk þeirra er skipulagning og framkvæmd fræðslu og ráðgjafar um nýsköpun. Einnig að vinna með samstarfsaðilum um framkvæmd.

Samstarfsaðilar:

Fulltrúar samtaka fatlaðs fólks, aðgreindra vinnustaða og Vinnumálastofnunar vinna með ábyrgðaraðilum að því að veita fræðslu um möguleika einstaklinga með ólíkar skerðingar og um mögulegar aðlaganir á vinnustaðnum. Að auki munu fulltrúar aðgreindra vinnustaða og Vinnumálastofnunar fræða nýsköpunaraðila um stuðningsúrræði á vinnumarkaðnum sem standa þeim til boða ef þeir óska eftir að fá fatlaðan einstakling í vinnu við verkefni sín.

Framkvæmd:

Samkvæmt þessari tillögu verður leitast við að fræða fatlaða og ófatlaða aðila í fjölbreyttum markhópi verkefnins. Veittar verða ítarlegar upplýsingar með fræðslufundum, kynningum og einstaklingsráðgjöf um fjölbreytt viðfangsefni í tengslum við fötlun og nýsköpun. Fræðsla og ráðgjöf eru í boði fyrir alla einstaklinga sem tilheyra markhópi verkefnisins og verða engar kröfur gerðar um aðild að samtökum á sviði fötlunar eða nýsköpunar. Tillagan gengur út frá skipulagningu og samvinnu þeirra sem hafa þekkingu á viðfangsefninu og hinna sem hafa áhuga á efninu. SFH og KVENN hafa staðið fyrir kynningar- og fræðslufundum, ásamt persónubundinni ráðgjöf, og er hér um útvíkkun þess starfs að ræða. Hér fyrir neðan er gert grein fyrir þeim ólíku tegundum fræðslu og ráðgjafar sem felast í tillögunni.

Fræðsla fyrir frumkvöðla: Fram hefur komið í þessu verkefni að oft hafa einstaklingar sem sjá um sín eigin nýsköpunarverkefni takmarkaða þekkingu á mögulegri aðkomu fatlaðs fólks að vinnu, en með því að bjóða upp á fræðslu fyrir frumkvöðla verður hægt að sporna við þekkingarleysi varðandi tækifæri fyrir fatlað fólk. Með þessari tillögu er líka boðið upp á fræðslu um kosti og möguleika þess að bjóða fötluðum einstaklingum störf eða starfsþjálfun. Að lokum verði einnig veitt fræðsla um það hvað felst í ólíkum aðlögunum fyrir fatlaða einstaklinga á vinnustaðnum. Gert er ráð fyrir að þessi liður verði framkvæmdur með ráðgjöf, stuttum námskeiðum og myndböndum.

Fræðsla fyrir fatlaða einstaklinga: Boðið verður upp á fræðslu og ráðgjöf fyrir fatlaða einstaklinga um nýsköpun með það að markmiði að auka skilning á hugsanlegum störfum innan nýsköpunarverkefna. Með því að halda fræðslukvöld, námskeið og ráðgjafarsamtöl við fatlaða einstaklinga aukast möguleikar þeirra og hæfni til starfa innan nýsköpunar.

Fræðsla fyrir fatlaða frumkvöðla: Fatlaðir einstaklingar hafa oft ekki þekkingu á því hvert eigi að leita og hvaða stuðningsmöguleikar séu í boði fyrir þá sem hyggjast koma af stað nýsköpunarverkefni. Félögin SFH og KVENN munu með þekkingu sinni og reynslu aðstoða fatlaða frumkvöðla um það hvert eigi að leita að upplýsingum. SFH og KVENN munu einnig leiðbeina fötluðum frumkvöðlum varðandi styrki til þess að fjármagna hugmyndir að nýsköpun. Félögin búa yfir mikilli þekkingu á styrkjakerfi og umsóknarferlum og munu veita fötluðum einstaklingum fræðslu og ráðgjöf á því sviði. Með því verður aukið aðgengi fatlaðra frumkvöðla að úrræðum til að framkvæma sína eigin nýsköpun.

Gert er ráð fyrir að þessi liður verði framkvæmdur með einstaklingsráðgjöf, kynningarmyndböndum, stuttum námskeiðum og fræðslukvöldum. Námskeið verða haldin í tengslum við einstök efni ef fjöldi þátttakenda er nægur.

Fjármögnun:

Gert er ráð fyrir árlegum kostnaði við fræðslu sem SFH og KVENN halda utan um. Kostnaði við námskeið og fræðslumyndbönd má áætla fyrirfram kringum þrjú mannmánuði á ári. Erfitt er að áætla fyrirfram kostnað við einstaklingsráðgjöf enda er hann háður fjölda fyrirspurna. Fjármagn til þessa þáttar myndi styðja aðra þætti, s.s. starfamiðlunina í fyrstu tillögu. Því er hér áætlaður kostnaður um 2 milljónir kr á ári, með sömu fyrirvörum og í tölulið 1 varðandi rekstrargrunn félaganna.

4. Mat á stöðu og árangri

Metinn verður árangur og kortlögð reynslu hagsmunaaðila af framkvæmd samstarfsverkefnisins.

Markmið:

Markmiðið er að skoða hvernig hefur tekist til að tengja saman fatlað fólk og tækifæri í nýsköpunarverkefnum. Einnig að skoða framkvæmd verkefnisins og kortleggja reynslu samstarfsaðila í verkefninu.

Ábyrgðaraðili:

Stefan Hardonk, lektor í fötlunarfræði við Háskóla Íslands

Samstarfsaðilar:

Sandra Halldórsdóttir, SFH, KVENN, ÖBÍ og Þroskahjálp.


Framkvæmd:

Rannsókn fer fram til mats á árangri og stöðu verkefnisins, út frá sjónarmiði þeirra aðila sem hafa komið að verkefninu. Skoðað verður hvaða rannsóknaraðferðir henta þegar verkefnið er komið af stað. Dæmi um rannsóknaraðferðir sem henta eru meðal annars könnun með spurningalista, viðtöl við lykilaðila og greining skráningargagna. Niðurstöður verða birtar í skýrslu. Eftir þetta grunnamat á verkefninu er fyrirhugað að starfsmaður verkefnisins meti árangur og stöðu mála með kerfisbundnum og ókerfisbundnum hætti á a.m.k. tveggja til þriggja ára fresti.

Fjármögnun:

Grunnamat á stöðu og árangri ber áætlan kostnað um þrjú mánaðaverk eða 2 milljónir kr. Áframhaldandi mat þyrfti að skilgreina sem hluti af starfslýsingu starfsmanns verkefnisins.

Mikilvægir þættir fyrir framgang verkefnisins



Þættir sem hafa áhrif á ofangreindar tillögur og þættir sem hafa veruleg áhrif á framkvæmd þeirra.

Í undirbúningi samstarfsverkefnisins kom skýrt fram að allir aðilar sem koma að málinu telja að nokkrir þættir hafa óbein en mikilvæg áhrif á framgang og mögulegan ávinning samstarfsverkefnisins. Þó þessir áhrifaþættir séu ekki kjarninn í verkefninu þurfa yfirvöld að vera meðvituð um mikilvægi þeirra og þörf fyrir breytingar, þar sem sumir þeirra fela í sér ákveðnar hindranir. Því myndi endurskoðun þessara þátta vera hvetjandi fyrir fatlað fólk og aðila í nýsköpun til að vinna saman og ýta þannig undir árangur verkefnisins. Rétt er að ítreka að þátttaka fatlaðra einstaklinga í nýsköpunarverkefnum felur í sér hagnað fyrir samfélagið allt og stuðlar að markmiðum stjórnvalda um nýsköpun og samfélagsvirkni fatlaðs fólks.

Skerðingar á örorkubótum

Skerðingar á örorkubótum hafa áhrif á atvinnuþátttöku fatlaðs fólks en t.d. fatlaðir frumkvöðlar ræddu það í vinnustofunum að fatlað fólk veigrar sér við að hefja sín eigin nýsköpunarverkefni af ótta við það að missa örorkubætur. Núverandi fyrirkomulag býður ekki upp á mikið svigrúm varðandi aukatekjur, t.d. í formi nýsköpunarstyrkja, en það getur dregið úr áhuga fatlaðra einstaklinga á atvinnuþátttöku í hvaða formi sem er. Skerðingar á örorkubótum eru ekki kjarninn í tillögunum en þær hafa hamlandi áhrif. Fjárhagslegt óöryggi hvetur fatlað fólk ekki til að framtaks eða starfa við nýsköpunarverkefni. Endurskoðun þessara þátta mun vafalítið auka líkur þess að fleiri fatlaðir einstaklingar velji að starfa við nýsköpun; jafnt við nýsköpunarverkefni annarra og sín eigin. Til að koma sem flestum fötluðum einstaklingum á vinnumarkað væri jákvætt fyrir samfélagið að endurskoða stöðu á skerðingum gagnvart örorkubótum, aðlaganir og fjármögnun fyrir vinnu fatlaðra einstaklinga.

Styrkir í tengslum við atvinnuþátttöku fatlaðs fólks

Viðeigandi aðlaganir: Í mörgum OECD löndum eru í boði styrkir til að mæta þeim kostnaði sem vinnuveitendur bera vegna viðeigandi aðlagana fyrir fatlað starfsfólk, en slíkur styrkur er ekki í boði á Íslandi. Rannsóknir sýna fram á mikilvægi þess að koma til móts við aðlögunarkostnað til að stuðla að fjölgun tækifæra fyrir fatlaða einstaklinga á vinnumarkaðinum almennt. Þetta á einnig við um nýsköpunarverkefni sem eru oft rekin á veikum fjárhagslegum grunni. Búast má við að árangur framangreindra tillagna verði meiri ef aðlögunarstyrkur er í boði, þar sem hann tryggir gæði og sjálfbærni starfa fatlaðra einstaklinga.

Vinnusamningur öryrkja: Vinnusamningurinn, samkvæmt núgildandi fyrirkomulagi, gerir ráð fyrir ráðningarsambandi og hentar mörgum nýsköpunarverkefnum illa þar sem oft er ekki fyrir hendi fjármagn til að ráða fólk til starfa á launaskrá. Þátttakendur í vinnustofunum gerðu ráð fyrir því að nýsköpunaraðilar móti frekar tækifæri fyrir fatlaða einstaklinga til að sinna ákveðnum, vel afmörkuðum verkefnum. Í þeim tilfellum er ekki alltaf ráðningarsamband, heldur er hugsanlegt að stuðst verði við verktakagreiðslur. Vinnusamningar sem koma til móts við þessa tegund launakostnaðar og gera ekki kröfu um ráðningarsamband eru þar af leiðandi líklegir til að ýta undir áhuga nýsköpunaraðila til að skilgreina tækifæri innan nýsköpunar.

Túlkabjónusta: Í lögum er ekki gert ráð fyrir að einstaklingar með heyrnarskerðingar eigi rétt á túlkabjónustu í vinnu. Réttur þeirra sem styðjast við táknmál í sínum daglegum samskiptum er því ekki tryggður með tilliti til atvinnuþátttöku. Kostnaður vegna táknmálstúlkunar hindrar árangursríka þátttöku heyrnarskertra og heyrnarlausra einstaklinga á almennum vinnumarkaði. Þetta á einnig við um nýsköpunarverkefni. Skortur á táknmálspjónustu dregur úr áhuga nýsköpunaraðila til að bjóða upp á tækifæri fyrir einstaklinga sem nota táknmálstúlkun. Einnig skapar það erfiðleika fyrir einstaklinga sem nota táknmál til samskipta við samstarfsfólk og yfirmenn. Líkur á árangri þessa samstarfsverkefnis munu því vafalaust stórukast, geri yfirvöld ráðstafanir til að veita heyrnarskertum og heyrnarlausum einstaklingum aðgang að túlkabjónustu í vinnu.-

Rannís

Í undirbúningi samstarfsverkefnisins bentu hagsmunaaðilar ítrekað á mikilvægi þess að endurskoða styrkjakerfi á sviði nýsköpunar með það að markmiði að bæta aðgengi og auka þátttöku fatlaðs fólks. Það væri til dæmis hægt með því að skapa sérflokk innan styrkjakerfis Rannís (t.d. innan Tækniþróunarsjóðs) sem fatlaðir frumkvöðlar geta sótt í, til að hefja sitt eigið nýsköpunarverkefni eða skilgreina lágmarkshlutfall styrkveitinga til verkefna sem gera ráð fyrir aðkomu fatlaðs fólks. Einnig væri það líklegt til að auka þátttöku fatlaðs fólks ef sjóðir á sviði nýsköpunar veiti aukafjármagn til verkefna sem gera ráð fyrir aðkomu fatlaðs fólks til að mæta tilfallandi kostnaði svo sem þjálfun og ráðningu á aðstoðarfólki. Til að tryggja aðgengi styrkjakerfa geta yfirvöld gert skýrar kröfur til sjóða varðandi upplýsingagjöf, umsóknarferli og utanumhald fjárveitinga með áherslu á fjölbreyttar boðleiðir (t.d. myndbönd, aðgengilegt mál) og jafnrétti í matsþáttum og kröfum. Einnig þarf að tryggja aðkomu og sjónarmið fatlaðs fólks arið matá verkefnum, t.d. með þátttöku fatlaðra einstaklinga í matsnefndum. Slík heildarendurskoðun á styrkjakerfum á sviði nýsköpunar eykur líkur á þátttöku fatlaðs fólks og hvetur frumkvöðla til að skapa tækifæri.

Starfsemi SFH og KVENN innan stuðningsumhverfis nýsköpunar

Mikilvæg forsenda þess að tillögurnar nái tilgangi sínum er að starfsemi frumkvöðlafélaganna SFH og KVENN verði tryggð, enda byggir verkefnið á þekkingu og tengslanetum sem félögin búa yfir. Einungis er unnt að tryggja þær auðlindir ef félögin eru starfandi með tryggum hætti. Félögin hafa starfað að mestu á sjálfbóðaliðagrunni, en ljóst er að aukin atvinnuþátttaka fatlaðs fólks samkvæmt þessum tillögum næst ekki nema tryggð verði lágmarks viðvera með tilheyrandi launakostnaði. Því er nauðsynlegt að tryggja stöðu og starfsemi félaganna til framtíðar, samhliða samstarfsverkefninu sem hér hefur verið kynnt. Verkefnið fellur á margan hátt vel að núverandi starfsemi félaganna, en með fastri viðveru skv. framansögðu verður þörf á hlutastarfi. Félögin vænta þess að ná samningum við stjórnvöld vegna annarra mikilvægra verkefna sinna, og skapa með því grundvöll fyrir fullt starf, og þar með tryggja aðkomu sína að þessu verkefni.

Samantekt

Áður nefndar tillögur voru gerðar með það í huga að styrkja stöðu fatlaðs fólks innan nýsköpunar en þessar tillögur hvíla þó ekki á einstaklingunum sjálfum að framkvæma heldur þarf öflugt skipulag í kringum hverja tillögu fyrir sig. Tillögur um miðlun upplýsinga, stuðning á vinnustað, fræðslu og námskeið og mat á stöðu árangurs bjóða upp á ólíkar útfærslur, en allar varða þær aukna möguleika fatlaðs fólks innan nýsköpunar. Miðlun upplýsinga eykur upplýsingaflæði á milli fatlaðra einstaklinga og nýsköpunarverkefna, stuðningur á vinnustað er kostur fyrir þann sem heldur utan um nýsköpunarverkefnið, fræðsla og námskeið veitir auka þekkingu og mat á stöðu árangurs sýna stöðu samstarfsverkefnisins og árangur þess.

Tillögurnar eru ekki gerðar með það að markmiði að fatlaðir einstaklingar vinni fullt starf heldur í minna starfshlutfalli eða starfsþjálfun eftir þeirra vilja og getu. Tillögurnar eru niðurstöður vinnustofunnar þar sem hagsmunaaðilar tóku þátt í og aðstoðuðu höfunda við mótun þeirra. Tillögurnar fela í sér tækifæri fyrir fatlaða einstaklinga til þess að auka virkni í þátttöku á sviði nýsköpunar.



HÁSKÓLI ÍSLANDS
RANNSÓKNARSETUR Í FÖTLUNARFRÆÐUM

Gimli, Sæmundargötu 2, 101 Reykjavík